

# Íþróttafélagið Magni, Grenivík

2025/34

Íþróttafélagið Magni á Grenivík, var stofnað 10. júlí 1915.

Stofnfélagar voru 16. Í fyrstu stjórn félagsins voru kosnir:

Björn Björnsson, formaður.

Björn Jóhannsson ritari.

Eiður Árnason gjaldkeri.

Síðar á árinu gengu 11 manns í viðbót í félagið og töldust því stofnfélagar 27 að lokum.

Á fyrsta fundi var samið við Friðrik Kristinsson um að hann lánaði félaginu Litlaflöt. Var þar síðan aðalleikvöllur félagsins í á annan áratug og var stundum notaður eftir að völlurinn var gerður á Grenivíkurhólum.

Fyrsta árið var félagið ýmist kallað Fótboltafélagið í Grýtubakkahreppi eða Knattspyrnufélag Grýtubakkahrepps. 13. ágúst 1916 var ákveðið að félagið skyldi heita Magni. Ári seinna varð það að Íþróttafélaginu Magni þegar að fyrstu lög félagsins voru samin.

Sumarið 1917 var fyrsta keppnisferð félagsins farin austur á Vatnsendabáru. 1934 vann Magni Knattspyrnumót Norðlendinga.

Á fyrstu fjórum áratugum Magna var hóað saman í lið, þegar hægt var, og æft. Þjálfari var enginn en einn úr félaginu kosinn til að geyma boltann og boða til æfinga.

Stundum datt félagið í lægðir en lifnaði alltaf við aftur. Haustið 1958 hafði félagið verið í lægð í nokkur ár. Þá var boðað til fundar, kosin ný stjórn, haldin aðalfundur um áramótin 1958/59 og gengu þá 60 manns í félagið. Sumarið 1958 kom í fyrsta sinn alvöru knattspyrnuþjálfari, Arngrímur Geirsson og þjálfaði félagið í eina viku í byrjun júní. Hann kom aftur og þjálfaði ári seinna. Þjálfari var fyrst ráðinn til Magna sumarið 1971, var það Aðalsteinn Sigurgeirsson á Akureyri.

Síðan félagið hóf að spila í Íslandsdeildinni árið 1972 hefur gengið á ýmsu. Félagið byrjaði í 3. deild. Tókst að komast í 2. deild í eitt ár. Féll niður í 4. deild 1989, fór upp í 3. deild sumarið 1990 en féll aftur niður í 4. deild 1993 og var þar næstu 13 árin. Árið 2006 náði Magni upp í 2. deild, féll haustið 2009 í 3. deild. Í dag spilar félagið í 2. deild eftir gott fótboltasumar, sumarið 2025.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

6. október 2025

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

## Geymsluskrá

2025 / 34

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

## A - Íþróttafélagið Magni

## A - Íþróttafélagið Magni

1917 - 1995

A	1	1	1959 - 1989	Starfsskýrsla félagsins 1989 til ÍSÍ; starfsskýrslur félagsins til UMFÍ 1967 -1975 (óheilt); starfsskýrslur félagsins til ÍSÍ 1959 -1975 (óheilt); ársskýrslur félagsins til HSP 1959 - 1969 (óheilt).
A	1	2	1928 - 1990	Um íþróttavöll: leigusamningar 1928 og 1931, bréf varðandi endurbyggingu og kostnað 1940-1942 og 1951; bréf og kostnaðaráætlun við endurbyggingu 1989-90.
A	1	3	1917 - 1991	Lög félagsins 1917, 1932, 1964, 1974 og 1991; listi yfir breytingatillögur sem samþykktar voru 1921 - 1974.
A	1	4	1945 - 1989	Um skákiðkun og mót 1959 og 1964; um skíðanámskeið og skíðamót 1945; úrslit úr skíðamóti Magna 15. - 16. apríl 1989 og öðru ódagsettu móti; úrslit úr íþróttamótum 1959, 1960 og 1963; skýrslur um leiklistarstarfsemi 1967-68 og 1968-1969; leikskrá frá 1970.
A	1	5	1927 - 1995	Heillaóskaskeyti til Magna á stórafmælum 1945, 1975 og 1990; fylgibréf með peningagjöf til Magna á 30 ára afmælinu frá gömlum félögum og stuðningsmönnum; Dagskrá 80 ára afmælis Magna 18. ágúst 1995; félagsskírteini Magna gefið út 27.1.1927 handa Kristjáni V. Oddeirssyni og óútfyllt félagsskírteini; vísur um Magna eftir Friðbjörn Guðnason, líklega ortar 1952; Bréf frá ÍSÍ með staðfestingu á rauðum og bláum knattspyrnubúningi félagsins (1946); rukkun á skatti til ÍSÍ (1950); meðlimaskrá 1945-1963 (vantar mikið í).
A	1	6	1989 - 1994	Skjöl varðandi happadrætti 1989; Magnamolar 2001, bæklingur gefinn út af foreldrafélaginu til fjáröflunar yngri flokka; bréf til og frá félaginu um slysavarnir, fjárstuðning sveitarfélagsins, bann við veru ungmenna á dansleikjum, 50 ára afmæli lýðveldisins og plöntun trjáa.
A	1	7	1990 - 1993	Skjöl frá 1990-1993 s.s. starfsskýrslur og skýrslur stjórnar, íþróttamaður ársins, mót, Magnaleikarnir, félagaskrá 1992.
A	1	8	1990 - 1995	Magnaleikarnir 1993 og 1995 (úrslit); skrá um Magnamet í frjálsum íþróttum 1990, 1991 og 1995.
A	1	9	1986 - 1993	Magnafréttir 1. - 6. árg. (vantar mikið í, t.d. 2. árg. alveg og mikið í 3. árg.)